

Nr. 121 / 13 Arnar ÁR 55***Skipverji slasast við töku veiðafæris***

Skipaskr.nr. 1056
Smíðaður: Rosendal Noregi 1967, stál
Stærð: 237,4 brl. 320,0 bt.
Mesta lengd: 38,7 m Skráð lengd: 34,99 m
Breidd: 7,35 m Dýpt: 5,96 m
Vél: Caterpillar 671 kW, 1990
Fjöldi skipverja: 8



Arnar©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 12. júlí 2013 var Arnar ÁR 55 á veiðum með flotvörpu um 17 sml. suður af Hópsnesi. Veður: SV 10 m/sek, ölduhæð 1 m.

Arnar var á makrílveiðum með flotvörpu og var verið að hífa fyrsta pokann en mikill afli var enn í belgnum. Pokinn og belgurinn hafði verið dreginn fram á stjórnborðssíðu til að hífa aflann upp í móttökuna í þilfarinu. Pokinn hékk í gilsinum inn í „skeifunni“ (poka aðhaldi) yfir móttökunni og var einn skipverjinn að losa pokahnútinn þegar pokinn seig (sveiflaðist) út úr aðhaldinu. Lenti skipverjinn milli pokans og stoðar á skeifunni en þegar þrýstingurinn óx losnaði skipverjinn.

Þrátt fyrir að hjálmur skipverjans hafi brotnað á hvirfi kenndi hann sér ekki meins fyrir utan eymsla í herðum. Hélt hann því áfram störfum.

Við rannsókn kom fram:

- að hjálmurinn var nánast nýr að sögn slasaða;
- að slasaði taldi að bóman hafi ekki verið lækkuð nægjanlega mikið og henni ekki haldið nóg til bakborða til að varna slætti til stjórn;
- að spilmaður sagðist hafa haft bómuna hæfilega reista til að hafa pokann á lofti yfir móttökunni eins langt til bakborða til að forða slætti. Þungi aflans í belgnum við síðuna ásamt hreyfingu skipsins hafi togað pokann til stjórnar út úr skeifugrindinni. Hann sagði að slasaði hafi farið undir pokann utan (stjórnborðsmegin að framan) við skeifugrindina eða á milli hennar og pokarennunnar. Spilmaðurinn taldi að þess vegna hafi slasaði ekki haft

neina undankomu þegar pokinn seig aftur inn í skeifuna því venjulega sé farið í pokahnútinn framan við skeifugrindina;

- að skipstjóri taldi að þrátt fyrir að reynt hafi verið að halda bómunni nægjanlega langt yfir til bakborða hafi það ekki verið nóg þar sem stjórnborðsveltan á skipinu ásamt þunga aflans, sem beið í belgnum utanborðs, hafi togað í pokann og gilsinn til stjórnborða;
- að slasaði sagðist hafa verið að leysa öryggisbandið á pokalásnum áður en keðjunni var húkkað í lásinn til að opna hann.

Nefndarálit:

Orsök slyssin má rekja til óvarkárni slasaða.